

Skipulagsdagurinn 2018

20. september í Gamla bíó, Reykjavík

Loftslagsmál í skipulagsáætlunum



environice

Stefán Gíslason

Umhverfisstjórnunarfræðingur MSc

UMÍS ehf. Environice

Borgarnesi

<http://www.environice.is>

<http://2020.is>

stefan@environice.is

Innihald

- Núverandi staða
- Landsskipulag(ss Stefna)
- Sveitarfélögin
- Vangaveltur í lokin



Núverandi staða

- Vægi loftslagsmála í lögum og reglugerðum um skipulagsmál, mælt í því hversu oft orðið „loftslag“ kemur fyrir í texta
 - Skipulagslög nr. 123/2010: 0 sinnum
 - Skipulagsreglugerð nr. 90/2013: 0 sinnum
 - Reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011: 3 sinnum
 - Landsskipulagsstefna 2015-2026: 17 sinnum
- Aðrar helstu áætlanir um landnotkun
 - Samgönguáætlun 2019-2033 (í vinnslu): 3 sinnum
 - Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024: 2 sinnum
- Bendir ekki til mikillar áherslu, en ...
 - Fjarvist sönnunar er ekki fjarvistarsönnun
- Skipulagsvinna er lykilatriði í viðleitninni til að sporna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum



Landsskipulag

- 2. mgr. 10. gr. Skipulagslaga nr. 23/2010
 - *Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun*
 - Hvað þýðir annars samþætting nákvæmlega?
 - Hvaða blað er efst í staflanum?
- 8. gr. rgl. nr. 1001/2011 um landsskipulagsstefnu
 - *Í landsskipulagsstefnu skal taka saman og setja fram yfirlit um stefnumörkun og helstu áætlanir sem fyrir liggja í einstökum málaflokkum á landsvísu og varða landnotkun og skipulagsgerð sveitarfélaga*
 - *Yfirlitið getur varðað stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun, loftslagsmál, byggðamál, ferðaþjónustu, landbúnað, náttúruvernd, orkumál og samgöngur*
- Umhverfisráðherra: Áhersla á loftslagsmál í nýrri landsskipulagsstefnu



Dæmi um loftslagsáherslur í landsskipulagi

- Landsskipulagsstefna getur náð til landsins alls, einstakra landshluta eða efnahagslögsögunnar
- Efnahagslögsagan
 - Stefna um auknar kröfur til eldsneytis skipa og mengunarvarnir (sbr. m.a. Viðauka VI við Marpol)
 - Stefna um að ekki verði leitað að jarðefnaeldsneyti né það unnið
- Landið allt
 - Stefna um að ekki verði byggður upp loftslagsfrekur iðnaður
 - Stefna um markviss(ari) verndun og endurheimt votlendis, (þ.m.t. varðandi útbreiðslu byggðar)
 - Stefna um að land í hnignun sé ekki beitt
 - Stefna um endurskoðun þeirra áætlana opinberra aðila sem ganga gegn markmiðum Parísarsamkomulagsins



Þáttur sveitarfélaganna

- 35. gr. Skipulagslaga nr. 23/2010
 - *Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins.*
- Staðan í loftslagsmálum kallar á endurskoðun aðalskipulagsins!
- Loftslagsmál hljóta að vera rauður þráður í skipulagsgerð sveitarfélaga 2018-> (svæðisskipulag(?), aðalskipulag, deiliskipulag)
- Viðfangsefnið er þrjúþætt
 - Stefnumótun um það hvernig draga skuli úr losun (samgöngur, endurheimt votlendis o.fl.)
 - Stefnumótun um kolefnisbindingu (landgræðsla, skógrækt o.fl.)
 - Stefnumótun um viðbrögð/aðlögun (Hæð yfir vatnsborði/sjávarmáli, veðrapól bygginga, flóðavarnir, ofanvatnslausnir, o.s.frv.)



Hættumat vegna loftslagsbreytinga

- Loftslagsbreytingar eru náttúruvá
- Ástæða til að gera sérstakt hættumat sem lagt er til grundvallar við gerð skipulagsáætlana (greina hættur, líkur og þolendur/þjónustu)
 - Þekkt aðferðafræði og leiðarvísar, m.a.
 - IPCC climate change impact assessment guidance
 - ICLEI climate adaptation methodology (ADAPT)
 - Dæmi um vaxandi hættur:
 - Ofsaveður
 - Stormsvepir
 - Öfgakennd úrkoma (rigning, snjókoma)
 - Lengri kulda- eða hitatímabil
 - Lengri þurrka- eða úrkomutímabil
 - Gróðureldar/jarðvegseldar
 - Sjávarflóð
 - Skriðuföll
 - Strandrof
 - Útbreiðsla sjúkdóma



Skipulagsáætlanir: Minni losun (1)

- Stytting vegalengda
 - Þétting (og blöndun) byggðar
 - Verlanir og þjónusta inni í hverfum en ekki í jaðri þéttbýlis
 - Engin „búgarðahverfi“
 - Borgarlandbúnaður (án landbruðs)
- Almenningsamgöngur
 - Forgangsléiðir
 - Tenging byggðakjarna/landsvæða
- Orkuskipti í samgöngum
 - Ákvæði um tengibúnað við íbúðir og aðrar byggingar
 - Hreinorkusvæði
 - Hjóla- og gönguleiðir
- Iðnaðarsvæði
 - Takmarkanir varðandi loftslagsfrekan iðnað
 - Takmarkanir varðandi förgun úrgangs

Skipulagsáætlanir: Minni losun (2)

- Gróður og jarðvegur
 - Kortlagning auðlindarinnar
 - Beitarstýring (m.a. skipting afrétta í svæði eftir beitarþoli)
 - Hverfisvernd
- Votlendi
 - Kortlagning auðlindarinnar
 - Votlendi sem verndarsvæði (hverfisvernd)
 - Áætlun um endurheimt
 - (PS: Svo er líka góð hugmynd að fara að (náttúruverndar)lögum)!



X. kafli. [Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl.]¹⁾

¹⁾L. 109/2015, 28. gr.

■ [61. gr.]¹⁾ Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.

□ Eftirtalin vistkerfi nióta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.:

a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m²] ¹⁾ að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,

□ [Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.] ¹⁾ Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Aður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar [Umhverfisstofnunar] ¹⁾ og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir. ... ¹⁾

□ Senda skal ... ¹⁾ Umhverfisstofnun afrit af útgefnu leyfi.

Skipulagsáætlanir: Binding

- Kortlagning tækifæra (allt sveitarfélagið)
- Skógræktarsvæði
- Landgræðslusvæði
- Landbúnaðarsvæði fyrir lífrænan landbúnað
(Ath. landnotkunarflokka innan flokksins „Landbúnaðarsvæði“)
- Gróður í þéttbýli
- Borgarlandbúnaður (án landbruðs)



Skipulagsáætlanir: Viðbrögð/aðlögun

- Hækkað sjávarborð
 - Takmarkanir á landnotkun og mannvirkjagerð
 - Flóðavarnir
- Flóðahætta (stöðuvötn/ár)
 - Takmarkanir á landnotkun og mannvirkjagerð
 - Flóðavarnir
 - Vatnsvernd
- Hönnun
 - Ofanvatnslausnir
- Aðlögunaráætlun



Vangaveltur í lokin

- Skipulagsáætlanir eru ekki bara kort, heldur líka stefnumótun
- Sveitarfélög eru ekki bara þjónustustofnanir, heldur skapa þau líka framtíðina
 - (Annað hvort skapar maður sér framtíð eða leyfir henni að dembast yfir sig á meðan maður sýslar við eitthvað annað)
 - (Liður í að skapa framtíð er að vera fyrirmynd annarra)
- Loftslagsmál eru stærsta viðfangsefni samtímans
 - (Ekki lengur bara kafli í bókinni, heldur bókin sjálf)

